

ERINDISBRÉF

Starfshópur um endurskoðun reglna um almennar aðgangstakmarkanir að efni á veraldarvef

Ábyrgðarmaður: Óskar J. Sandholt

Inngangur:

Reglur Reykjavíkurborgar um almennar aðgangstakmarkanir að efni á veraldarvef voru síðast uppfærðar árið 2011. Síðan þá hefur ýmislegt breyst í fjölbreytni notkunarmöguleika og hegðun notenda á neti Reykjavíkurborgar.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að endurskoða og endurmeta reglur um almennar aðgangstakmarkanir að efni á veraldarvef. Einnig að meta áhættur sem þeim fylgja og leggja til nýja útfærslu á reglunum.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Yfirfara núverandi reglur og uppfæra.
- Mögulega endurskilgreina tilgang og hlutverk aðgangstakmarkana.

Starfshópurinn skipa:

Ólafur Sólímán Helgason (formaður), skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu, þjónustu- og nýsköpunarsvið

Jón Kristinn Ragnarsson, ION ráðgjöf, fyrir hönd Upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar

Aldís Geirdal Sverrisdóttir, teymisstjóri lögfræðiþjónustu, þjónustu- og nýsköpunarsvið

Þröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur, þjónustu- og nýsköpunarsvið

Ólafur Óskar Egilsson, deildarstjóri vef- og vörubrúunar, þjónustu- og nýsköpunarsvið

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Eva Pandora Baldursdóttir, verkefnastjóri stjórnsýslumála, þjónustu- og nýsköpunarsvið

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok nóvember 2023.

Reykjavík, 1. nóvember 2023

Óskar J. Sandholt